

Skólaráðsfundur

1. fundur vetrar

16. nóvember 2017

Mættir: Svava skólastjóri, Elín Samúels fulltrúi kennara, Helena fulltrúi starfsmanna, Elsa Lára og Manassa Q fulltrúar foreldra, Hafrún Freyja og Haraldur Hjalti fulltrúar nemenda.

1. Fundartími

- Ákveðið að fundar vetrarins séu áfram kl. 8 og mismunandi hvort þeir séu á miðvikudögum eða fimmtudögum.

2. Hlutverk skólaráðs

- 9 manna nefnd, nefndin stingur upp á fulltrúum úr grenndarsamfélagi. Svava hefur samband við viðkomandi aðila.
- Farið yfir handbók um skólaráð og rætt um fyrirbyggjandi störf ráðsins s.s. skólanámsskrá, starfsáætlun, kennslu, breytingar á skólastarfsemi, húsnæðis og öryggismál og margt fleira.
- Í skólaráði eru ekki rædd einstaklingsmál, hvorki nemenda, starfsmanna, foreldra eða annarra. Hér er vettvangur til að koma hugmyndum í skólastarfi á framfæri. Fulltrúar nemenda koma tillögum annarra nemenda á framfæri.
- Mikilvægt er að ef trúnaðarupplýsingar bera á góma sé þeim haldið áfram í trúnaði.

3. Starfsáætlun skólaráðs

- Starfsáætlun afhent og helstu áhersluatriði hvers fundar kynnt.
- Umræða um þann lið í starfsáætlun sem fjallar um fatnað nemenda. Hvað er viðeigandi og hvað ekki. Rætt um hvort skólinn setji viðmið varðandi fatnað, förðun og fleira.
- Rætt um innihald barnasáttmála með tilliti til þess með hvaða hætti nemendur eru undirbúnir fyrir lífið. T.d. eru nemendur hvattir til að tjá skoðanir og lögð áhersla á að á þau sé hlustað, og þau hvött til að mynda sé skoðun á málefnum eins og pólitík.
- Minnt á mikilvægi þess að hafa piparkökur á desemberfundi og kom tillaga um að bæta við kakói.

4. Samræmd próf

- Rætt um niðurstöður úr samræmdum prófum. Mismunandi gengi eftir námsgreinum og árgöngum.

5. Önnur mál

- Heimanám: umræða um heimanámsaðstoð og heimanám almennt. Skólaráð fær það hlutverk að skoða heimanámsstefnu skólans og undirbúa sig fyrir umræðu um innihald hennar fyrir næsta fund. Rætt um breyttar áherslur í samfélaginu, áður var skóla lokið eftir 4 tíma og höfðu nemendur meiri tíma.
- Rætt um hvernig sé hægt að leyfa foreldrum að fylgjast með námi barna sinna án þess að það sé í gegnum heimanám. Mentor, tölvupóstur með helstu áhersluatriðum. Eiga „vikupóstar“ að halda áfram eftir að yngsta stigi lýkur?

Næsti fundur ákveðinn 13. desember kl 8:00

Fundi slitið 9:20

Ritari: Elín Þ. Samúelsdóttir